



Fréttabréf Prentisöguseturs

1. tölublað – 3. árgangur – Ágúst 2022

Upphafið að lokahnykknum:

Múrverk í sögusvæðinu loksins hafið

Eftir margra mánaða erfiðleika við að ljúka framkvæmdum og undirbúningi uppsetningar á sýningu Prentisöguseturs og bókasafns í kjallara Gestahúss í Skálholti má segja að upphafið á

lokahnykknum sé hafið. Vandræði með iðnaðarmenn hafa verið mikil, en nú er byrjað að múra og það þýðir að við sjáum fyrir endann á verkefninu, þótt enn sé talsvert verk óunnið.



Flutningur bókasafnsins í Gestahús undirbúinn

Nú er allt að gerast í Skálholti. Verið er undirbúa flutning bókasafnsins sem hírst hefur í turni kirkjunnar við frekar slæmt atlati um árabíl. Með frétt

Morgunblaðsins um málið nýverið birtist einmitt mynd af sr. Kristjáni Björnssyni vígslubiskupi og Evu B. Ágústsdóttur

fornleifafræðinema þar sem þau eru að fara í gegnum bókakostinn.

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu er nú byrjað að múra kjallarann í Gestahúsi, þar sem sýning Prentisöguseturs og bókasafnið tengjast og mynda sögu prentverks og bókaútgáfu á Íslandi frá upphafi þar til prentið kom til Reykjavíkur.



Bókasafnið flutt úr turni Skálholtsdómkirkju

Séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, og Eva B. Ágústsdóttir, nemi í fornleifafræði, fóru í gær í gegnum hluta bókasafnsins sem geymt hef-

ur verið í turni Skálholtsdómkirkju. Unnið er að endurbótum á kirkjunni og verður bókasafnið flutt í kjallara Gestastofu staðarins. Þar verður

það framvegis ásamt Prentisögusetri og aðgengilegt þeim sem vilja rannsaka fagetan bóka-kost safnsins.)) 3

kominn í Skálholt

Þra byrði kirkjunnar málað • Byrjað að flytja samt Prentisögusafni í Gestastofu staðarins

slubiskup þar hefðu Norður- fengið bestu Þær eru ömlu skíf- lann sagði kipta um skífubaka rá því fyrir gengið frá estingar eru rnar að gefa nni. kka bókum kju sem

hýst hefur verið í turninum. Það geymir margar fornar og fágætar bækur. Sett verður upp ný raf- magnstafla fyrir kirkjuklukkurnar þar sem bókasafnið er nú.

Bókasafn og Prentisögusetur

„Við stefnum á að flytja allt bóka- safnið í kjallara Gestastofu, sem er móttökuhús en var áður rektorsbú- staður og biskupssetur. Þar verður bókasafnið og Prentisögusetrið,“ sagði Kristján. Bókasafnið verður aðgengilegt og einnig sett upp sýn- ing með prentgripum frá öllum fornu prentsmiðjunum hér á landi. Þar verður rannsóknaraðstaða fyrir

fræðimenn og aðra sem vinna með bækur úr safninu. Verndarsjóðurinn styrkir þetta verkefni og er vonast til að flutningur bókasafnsins verði langt kominn þegar sumri hallar. En hvenær á framkvæmdum að ljúka?

„Draumurinn er að klára kirkjuna að utan í sumar. Svo verður lagt mat á ástandið innandyra og það sem þarf að gera. Meðal annars þarf að mála, skipta um ofna og setja upp nýja lýsingu sem Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju er að safna fyrir. Það verður væntanlega boðið út síðar á árinu og fer á fjárhagsáætlun kirkjunnar á næsta ári.“ sagði Krist- ján.

Hannes Pétursson í Gutenberg safninu

„Heidelberg, 4. ágúst

Er ég kominn heim til mín? Já, næstum því. Auðvitað á ég hvergi heima nema á Íslandi, en hér munaði minnstu að ég eignaðist annan Skagafjörð. Og sit nú hér milli grænna skógarhæðanna að nýju – eftir sex ár.

Þetta er búinn að vera góður dagur. Ég snæddi árla morgunverð á hótelinu í Mainz. Salurinn var svo lítill, að þar komust ekki fyrir nema fjögur smábörð hvert uppi í öðru. Gestirnir héldu sér saman að mestu – sem betur fer; ég hef fengið mig fullsaddan á kjánalegum spurningum um Ísland og Íslendinga og gott að mega í þetta skipti borða þegjandi og í algerum friði.

En litlu áður en ég stóð upp kom húskötturinn í heimsókn. Roskin frú við næsta borð fór strax að senda honum gælutón, sífelld sömu gæluna; vúddí, vúddí, vúddí, en þurfti að tala við manninn sinn um leið. Varð því ræðan hennar svohljóðandi:

Jæja, Heinz, nú verðum við að fara, vúddí, vúddí, vúddí. Skrepptu og borgaðu reikninginn, vúddí, vúddí, vúddí. Er hann ekki – vúddí, vúddí – sætur! vúddí, vúddí, vúddí – og þá var hún búin að tæla köttinn inn milli fóta sér.

Keypti mér kort af borginni og gekk í átt til Gutenberg-safnsins, niður götu sem þeir í Mainz kalla Kaisestrasse. Hún er býsna myndarleg, tvíbreið með grasbelti, blómum og trjám milli akbrautanna – sýnilega höfuðstolt borgarinnar næst dómkirkjunni og Gutenberg. Það er annars skrytið hvað fólk í öllum löndum er upp með sér af verklegum framkvæmdum, turnum, brúm, akbrautum o. s. frv., sér í lagi þeir sem hvergi hafa lagt hönd að verki, en geta státað af myndaskapnum í umhverfi sínu, eins og þeir sýndu með því og sönnuðu eigið ágæti.

Í Gutenberg-safninu skoðaði ég fyrst sýningu sem hét Buch und Druch im Wandel der Zeit og er einhver girnilegasta

sýning sem ég hef kynnt. Hún er þverskurður bókagerðar frá upphafi vega.

Ég stóð svo lengi við í salnum að gæzlumaðurinn var farinn að renna til mín óhyru auga. Ég sat af mér hvern sýningargestinn á fætur öðrum. Maðurinn hefur sennilega talið að ég væri að undirbúa innbrot.


Þarna sá ég í fyrsta skipti á ævinni leirtöflur frá Babylon; papyros með hieróglýfri; rómverska skriftöflu; indverska bók úr pálmablöðum (skriftin úr plöntusafa); litarhorn miðaldamunka (blekbyttur þeirra tíma, búin til úr stiklum og hankarnir leðurólar; calamus (skriffæri munkna) og ótalmargt fleira, svo sem skrifaða biblíu á latínu (1380), afar fallega, lettrið örsmátt á næfurþunnu pergamenti; deigþrykk frá því um 1460, mjög óskýrt; vögguprent allmörg, m. a. eitt original-blað úr hinni 42 línu biblíu Gutenberg; koparstungur frá seinni hluta 15. aldar ogg áfram; einnig ýmsar gamlar prentanir, t. d. kokkabók (Amberg 1598) „fyrir heilbriggt fólk og sjúkt“. Sömu leiðis blöð frá 16., 17. og 18. öld.

Á öðrum stað í húsinu skoðaði ég sýningu á öllum hugsanlegum leturgerðum, sem nú eru til í þýzkum prentsmiðjum og bar hún vitni um mikla smekkvísi.

Brá mér því næst inn í lítinn sal sem bar heitið „Verkstæði Gutenberg“. Þar var margt forvitnilegt að sjá, en ekki grennsladist ég um, hvort þar stóðu áhöld Gutenberg sjálfs, Ef til vill átti salurinn aðeins að sýna 15. aldar prentsmiðju og áhöldin því héðan og handan. Keypti kópíu af einu blaði úr biblíu Gutenberg, þrykkt í því forneskjulega tæki sem þar gat að líta á miðju gólfi.“



Árið 1967 gaf Arnbjörn Kristinsson í Setbergi út kver Hannesar Péturssonar skálds Á faraldsfæti, dagbókarblöð frá 1960. Kverid var gefið út í 400 eintökum tölusettum, ætlað til gjafar fyrir viðskiptamenn og velunnara Arnbjörns og Setbergs. Efnid er, með orðum höfundar, svipmyndir, hugarleiftur og þankabrot. Hér fer bluti þankanna daginn sem Hannes heimsótti Gutenberg-safnið í Mainz




MOLAR

úr sögu
prentunar
á Íslandi

Guðbrandsbiblía

Biblían frá 1584 er án efa frægasta verk Guðbrands biskups, enda við hann kennd enn þann dag í dag og nefnd Guðbrandsbiblía. Þykir bókinn ein mesta gersemi íslenskrar prentsögu. Hún var prentuð í 500 eintökum; 250 þeirra batt inn útlendur bókbindari að nafni Jurin, sem Guðbrandur réð hingað til lands, 120 eintök voru send til Kaupmannahafnar til bands en þau 130 eintök sem þá voru eftir munu hafa verið bundin af Jóni Arngrímssyni, sem lærði bókkband af Jurin.



Dæmi um athugasemd sem Guðbrandur biskup hefur skrifað á spássíu biblíu sinnar.


Allmikið er af prentvillum í Guðbrandsbiblíu og hafa sumar þeirra verið leiðréttar með því að strika í lesmálið með penna og þrykkja síðan leiðréttingar á spássíu eða ofan við lesmálslínu. Af þessu leiðir að sennilega eru engin tvö eintök af Guðbrandsbiblíu eins. Í eftirmála biblíunnar kemst Guðbrandur svo að orði að hann hafi „ordit optast einsamall at yfirlesa, corrigerá, vtleggja“.

Til sölu til stuðnings Prentsögusetri



Frá Hólum til Reykjavíkur

Prentsögusetur hefur til sölu rit um 300 fyrstu árin í prentsögu Íslendinga, *Frá Hólum til Reykjavíkur*. Þar er fjallað um prentverkið á Íslandi frá því að Jón biskup Arason kom hingað til lands með prentsmiðju og prentara í kringum árið 1535 (nákvæmt ártal óvíst), þar til prentsmiðjan var flutt frá Viðey yfir til Reykjavíkur; hverjir unnu við prentverkið á hverjum stað, hvaða helstu bækur voru prentaðar. (Í einu tilfellinu var reyndar engin bók prentuð.) Hvernig voru tækin, í hvaða ástandi á hverjum tíma, hvert var leturvalið og húsnæðið. Hér koma við sögu nokkrir biskupar á Hólum og í Skálholti og ekkja að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Að ógleymdum ungum námsmanni úr Ísafjarðardjúpi og framsæknum mönnum í Breiðafjarðareyjum og Dölunum, kvensömum prentara og nemanda sem kaus að hengja sig fremur en að vinna í prentverkinu. Verð kr. 2.500.



Upphaf miðlunar

Prentsögusetur hefur einnig til sölu ritið *Upphaf miðlunar*. Þar er fjallað um miðlun frá hellamálverkum til þess tíma er gullsmiðurinn Johannes Genfleisch zum Gutenberg í Mainz kom í verk gamalli hugmynd sem Marcus Tullius Cicero setti fram í kringum árið 950. Það var árið 1440. Sagt er frá þróun letrunar og leturs, papírus, pergament og loks þróunarsögu pappírs. Í lokin er sagt frá athyglisverðum tækjum sem fundin voru upp og smíðuð til að flýta setningu lesmáls, frá 1796 til 1967, þegar tölvusetningin var að líta dagsins ljós. Verð kr. 2.000.

Bækurnar er
hægt að panta beint
frá höfundi.

Netfang:
haukur1@haukurmar.net

Sími:
897-1068



Gamla prentsmiðjan þarf að víkja

Prentsögusetri hefur verið gert að rýma Gömlu prentsmiðjuna að Laugavegi 29B. Í þessu húsnæði hefur verið rekin prentsmiðja síðan árið 1964, skv.

Heiðursmannasamkomulagi Heimirs Brynjúlfs Jóhannssonar prentsmiðjustjóra og útgefanda annars vegar og eigenda verslunarinnar Brynju hins vegar.

Samskiptin við eigandann hafa verið mjög góð, en nú er svo komið að hann hefur sett eignina í sölufrelsi. Húsnæði verslunarinnar við Laugaveg er friðað vegna aldurs, en sama gildir ekki um viðbyggingar bakatil, í Brynjuportinu, sem svo er nefnt. Þar sem Bókamiðstöðin var til húsa áður en Heimir Br. afhenti Prentsögusetri prenthluta hennar til eignar. Við þurfum að rýma húsnæðið fyrir næstu áramót.



Hluti kjallarans.

Hafið hjá ykkur augun félagar

Þetta þýðir að nú þurfum við að finna húsnæði fyrir Gömlu prentsmiðjuna. Það er auðvitað fyrirbyggjandi verkefni stjórnar að finna lausn á málinu, en við biðjum félagsmenn að hnippa í okkur ef þeir skyldu vita um eða hafa yfirlit yfir húsnæði, helst á höfuðborgarsvæðinu.

Minjagripir til stuðnings Prentsögusetri



Í Gömlu prentsmiðjunni við Laugavegin eru þessir fallegu nytjagripir til sölu, minjagripir til ágóða fyrir Prentsögusetur. Hér er um að ræða kaffifanta sem merktir eru bæði Prentsögusetri og Gömlu prentsmiðjunni. Þessir fantar kosta 4000 kr. Einnig eru til sölu bókamerki á 500 krónur.

Spurt og svarað um Núpufell

Kári skrifar:

Eftirfarandi bréf barst Vísu nýlega og fól bréfitari Kára að koma því á framfæri, svo og að svara því eftir beztu getu. Bréf ið er frá forvitnum og hljóðar svo:

„Í dagblaðinu Vísu föstudaginn 12.2 '65 birtist viðtal við Kára Helgason um bókasafn hans ásamt mynd af Kára þar sem hann hefur á höndum Summaria. Eg hef talað við marga lesendur blaðsins sem hafa spurt hvaða bók er þessi Summaria?

Nú eru það tilmæli mín og annarra að blaðið fræði okkur um Summariu og spurningarnar eru: Hvar er Núpufell? Hver var höfundur bókarinnar? Í hvaða tilgangi var þessi eina bók gefin út? Og um hvað er efni bókarinnar?

Með fyrirfram þökk fyrir svörin
Virðingarfyllst
Forvitinn“

Þriá Summaríur.

Þessum spurningum vill Kári eftir beztu getu reyna að svara enda þótt svörin verði ekki í sömu röð og spurningarnar.

Summariurnar eru þrjár talsins og hafa að geyma alþýðlegar skýringar á biblíunni, sem eru eftir þýzkan mann, Veit Di etrich, eða Vítus Theodorus, eins og nafn hans var skrifað á latínu. Þessar biblíuskýringar náðu mikilli hlyli og vinsældum meðal almennings í Þýzkalandi á fyrstu árum prentaldar. Um það var Guðbrandi biskupi þor

lákssyni kunnugt og þess vegna réðst hann í að gefa þær út í íslenzkri þýzingu, hefur senni lega íslenzkað þær allar sjálf ur — örugglega tvær þær fyrstu, því þess er blátt áfram getið á titilblöðum bókanna en ræða má samkvæmt formála þeirrar þriðju að hann hafi þýtt hana líka.

Summariurnar komu hér út í þrem bindum, sú fyrsta, Summaria yfir Nýja testamenti 1589 og sú næsta, Summaria yfir Gamla testamenti 1591. Þær eru báðar prentaðar á Núpufelli í Eyjafirði og ekki vitað með fullri vissu að þær hafi aðrar bækur verið prentaðar. Þriðja Summarián fjallar um Spámannabekurnar. Hún er prent uð á Hólum árið 1602.

Mjög fágætur bækur.

Um höfund Summariu, Vítus Theodorus, skal þess ennfrem ur getið að hann var samtíma maður Lúthers, vinur hans og samstarfsmaður.

Til enn frekari skýringar skal þess jafnframt getið, að eins og allar 16. aldar bækur er Summarián mjög fágæt. Þó benda miklar líkur til að stóasta Summarián, sú frá 1602, sé fágætust þeirra allra, þótt yngst sé.

Sem stendur er aðeins vitað um tvö eintök af Summariu frá Núpufelli, sem undanfarið hafa verið í einkastjórningu og þau átti Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður bæði um skeið. Annað fylgdi safni hans til

Kára Helgasonar Borgþjórb, en hinu fargaði hann nokkur fyrir andlát sitt og er það í einkastjórningu hér í Reykjavík. Auk þess er Summarián til í Möðruvallakirkju í Hörgárdal, Landsbókasafni og e.t.v. víðar.

Um Summariuna frá 1602 er Kára hins vegar ekki kunnugt nema um eitt heilt eintak, sem verið hefur í einkastjórningu til þessa, það var í bókasafni Davíðs Stefánssonar skálds sem nú er komið í eign Akureyrar bæjar. Þó geta fágætur bækur sem þessar leynst á ölflegustu stöðum.

Er í Eyjafirði.

Hér að framan hefur verið reynt að svara öllum spurningum um „Forvitins“, nema þeirri fyrstu, hvar Núpufell sé. Það hefur verið reynt að skýra frá hver höfundur Summariu hafi verið, í hvaða tilgangi hún hafi verið gefin út og um hvaða efni hún fjallar.

Þá er fyrstu spurningunni enn ósvarað, sem sé þeirri, hvar Núpufelli sé. Núpufell er í inn anverðum Eyjafirði gegnt kirkjustaðnum Saurbæ, sem margir kannast við. Núpufell hét til forna Gndupfell og kem ur við sögu bæði í Vtga-Glúms sögu og Sturlungu — þ.e. sögu Guðmundar góða. Talið er að prentsmiðja hafi aðeins verið á Núpufelli árin 1589-1591 og ekki aðrar bækur komnar þaðan en Summariurnar tvær. Vonar maður þá að „Forvitinn“ og aðrir lesendur Vísis séu nokkur fróðari en áður.

Þennan dálk Kára rakst ég á í allgömlu dagblaði. Hér er spurt um bækur og prentsmiðju sem ekki allir eru sammála að hafi yfir höfuð verið til, þ.e.a.s. að prentað hafi verið á staðnum. Það er vitað að Jón Jónsson, sem áður prentaði á Hólum, fékk Núpufell til ábúðar. Merkingarnar á Summariunum benda eindregið til þess að hann hafi haft með sér a.m.k. hluta prentverksins á Hólum.

-hm